

Stjórnarfundur Íslenska safnaðarins í Noregi

Varaformaður setur fundinn og prestur fer með bæn

Dagskrá og fundargerð 13.10.2017	
Fundarritari	Jónína M Arnórsdóttir og Björn Hallbeck
Mættir	Björn Hallbeck formaður, Jónína Margrét Arnórsdóttir varaformaður, Guðbjörg Árnadóttir gjaldkeri, Guðrún Elín Svansdóttir ritari, Snorri Ásgeirsson 3. varamaður, Katla Sveinbjörnsdóttir 4. varamaður, Kristján Daðason 5. varamaður, Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir.
	Samþykkt á fundargerð
	Upplýsingar: -Guðrún Elín óskar eftir að losna undan því að vera ritari, enginn tilbúinn að taka að sér það hlutverk úr hópnum. -Jónína er búin að gera drög að fundargerð sem verður send út um leið og henni er lokið. Fundarmenn lesa í gegnum þau.
	Samþykkt: - Formaður og varaformaður munu taka að sér í sameiningu sem neyðarlausn að skrifa fundargerðir.
	Skipurit
	Upplýsingar: - Farið er yfir tillögur sr. Örnú og Kristins sem eru nánast samhljóða.
	Samþykkt: -Ákveðið að halda sig við skipurit sr. Örnú sem kynnt hefur verið á aðalfundi safnaðarins 2015.
	Safnaðarstarfið
	Upplýsingar: -Fermingarstarfið komið á fullt, 30 börn skráð. -Aukin skráning meðlima í söfnuðinn í kjölfarið. -Fermingarferðalagið var mjög ánægjulegt, gott að hefja fræðsluna á þennan hátt. -Æskulýðsstarfið gengur vel, Rebekka heldur utan um það í Oslo, Gróa í Drammen, Margrét Ólöf í Sandefjord og Kristansand. Því miður er ekki starf núna í Stavanger og Bergen. -Eldriborgarstarfið er komið vel á veg, áætluð er leikhúsferð

	<p>21. október.</p> <ul style="list-style-type: none"> -Erindi barst til safnaðarins frá einkaaðila á Íslandi þar sem óskað var eftir styrk vegna jólatónleika. -Messukaffi: Foreldrar fermingarbarna hafa komið með kökur og lagt til á kaffiborðið og munu gera það í nokkur skipti í vetur. Elín og Jónína hafa séð um kaffið til skiptis í sjálfboðavinnu. -Aðventuhátíð: ákveðið að halda í þá hefð að hafa smákökur í kaffinu á eftir. Við þurfum hjálp við að raða borðum og stólum eftir kaffið.
	<p>Samþykkt:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Styrkumsókn til jólatónleika var hafnað. -Elín og Jónína baka og fá sjálfboðaliða líka í það fyrir aðventuhátíðina. Lilja hefur samband við foreldra fermingarbarna til að athuga hvort einhver geti hjálpað með að ganga frá eftir kaffið og eins athuga hvort Rebekka geti fengið einhverja úr æskulýðsstarfinu líka. -Listanefnd: Sóknarprestur hefur fundað með listanefnd sem vinnur að dagskrá fyrir aðventuhátíðina. -Fréttabréf er komið út á heima- og facebooksíðu safnaðarins.
	<p>Staða hjá fylkismanni og Consort</p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Ekkert nýtt af málinu hjá fylkismanni -Consort hóf úthringingar í síðustu viku og er árangurinn góður. Fyrirtækið mun senda vikulegar skýrslur. <p>Samþykkt:</p> <p>Skýrslur frá Consort verða áframsendar til stjórnarinnar.</p>
	<p>Fjármál</p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Gjaldkeri er búinn að skoða liðinn prestatjenerster með bókara og komið hefur í ljós að einhver skekkja er í deildunum. -Snorri óskar eftir styrk að upphæð kr. 900 til að senda út bréf til 56 ára og eldri til að vekja athygli á starfi eldri borgarahópsins. <p>Samþykkt:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Gjaldkeri haldi áfram með að skoða betur hinar ýmsu deildir. -Ákveðið er að gera næstu fjárhagsáætlun deildaskipta. -Ákveðið er að veita kr. 900 í styrk til kynningar á starfi eldri borgarahópsins hjá söfnuðinum.

	<p>Staða skrifstofu</p>
--	--------------------------------

	<p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Bókhald fyrir september er komið til bókara. -Skoða þarf með þrif í Ólafíustofu þar sem Alma hefur sagt upp störfum. -Starfsmaður er að fara í frí og vill vita hvernig verði með opnunartíma Ólafíustofu á meðan. Á sama tíma er sóknarprestur í veikindaleyfi og Lilja er því ein við störf. -Starfsmaður bendir á að prentarinn á skrifstofunni sé á síðasta snúningi og þörf sé á nýjum. -Starfsmaður vill vita hversu miklu eigi að verja til kaupa á jólanammi fyrir börnin á jólaböllum sem kirkjan kemur að og býðst til að sjá um að kaupa það inn og flytja hluta af því sjálf með sér frá Íslandi.
	<p>Samþykkt:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Elín býðst til að vera á opnunartíma Ólafíustofu á miðvikudögum til að hún sé ekki alveg lokuð. -Það eru fleiri prentarar sem hægt er að nota í neyð ef að þessi gefur upp öndina, ekki keyptur nýr fyrr en þessi gefst upp. -Upphæðin sem notuð er í jólanammi fyrir börnin má ekki fara yfir 11.000 nkr.

	<p>Önnur mál</p> <p>a)persónuvernd: Jónína og Björn munu kynna sér málið ítarlega og Ragnheiður mun svo hafa samband við lögfræðinginn og kirkjuna, þ.e. þá íslensku, sænsku og finnsku til að samræma hvernig þetta verður unnið og kynnt.</p> <p>b)Snorri segir að eldri borgarahópurinn óski eftir skemmtilegum og fróðlegum innleggjum á hittingana sína.Upp koma nokkrar hugmyndir og Lilja mun fara í að athuga hvort hægt sé að fá einhverja gesti í það.</p> <p>c) Starfsmannamál - undanþegin opinberri birtingu.</p>
--	---

--	--
